

Símareglur í Fellaskóla

Ágætu nemendur og foreldrar

Í vetur verður Fellaskóli símalaus skóli. Við trúum því að það muni hafi jákvæð áhrif á skólabraginn. Eftirfarandi hefur verið sett í skólareglur:

Snjalltækjanotkun

Við látum ekki snjalltæki trufla okkur í námi en nýtum kosti þeirra. Fellaskóli er símalaus Skóli.

Í því felst að:

- Fellaskóli er símalaus skóli. Snjallúr er líka sími. Nemendur mega ekki nota síma / snjallúr á skólatíma, hvorki á skólalóð né í skólahúsnæði.
- Nemendur yngra stigs geyma síma hjá kennurum.
- Allir nemendur eldra stigs hafa aðgang að skápum þar sem þeir geta geymt verðmæti.
- Við tökum hvorki myndir né myndskreið af starfsfólki og nemendum án leyfis.
- Við dreifum ekki myndum og myndskreiðum af starfsfólki og nemendum án leyfis.

Ef nemandi er með síma í skólanum verða þessar afleiðingar:

1. stig. Nemandi er með síma í skólanum.
Viðbragð: Nemandi á yngra stigi afhendir kennara síma. Nemandi á eldra stigi fer með síma í skáp (Ágúst/ sept). Skráð í Mentor.
Okt. og áfram:
Viðbragð: Nemandi afhendir símann á skrifstofu skólans / afhendir stjórnendum. Fær síma í lok dags. Skráð í Mentor.
2. stig. Endurtekið brot á símareglum.
Viðbragð: Nemandi afhendir símann á skrifstofu skólans / afhendir stjórnendum. Hringt í foreldri og foreldri nær í símann. Skráð í Mentor.
3. Stig. Nemandi brýtur skólaregluna ítrekað.
Viðbragð: Fundað með foreldri og nemanda. Lausn fundin, t.d. að sími sé skilinn eftir heima. Fundargerð skráð og undirrituð.

Ég óska eftir því að foreldrar styðji okkur í að hafa skólann símalausan.

Með góðri kveðju,

Helgi skólastjóri